

Fundur samstarfsnefndar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Samstarfsnefnd kom saman til 14. fundar á Teams þann 26. ágúst 2025 kl. 11:00.

Fundinn sátu:

- Guðveig Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Lilja B. Ágústsdóttir, starfsmaður Borgarbyggðar
- Jón Hrói Finnsson, KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, KPMG
- Vilhjálmur Sveinsson, KPMG sem ritaði fundargerð

Jón Hrói setti fundinn kl. 11:00.

1. Leiðrétting kjörskrár

Til umræðu var leiðrétt kjörskrá vegna sameiningarkosninga. **Upplýst var að Þjóðskrá Íslands hefði skilað kjörskrá seint og veitt sveitarfélögunum skamman tíma til yfirferðar.** Fyrri útgáfa kjörskrár var lögð fram innan lögbundinna tímamarka, en síðan bárust leiðréttingar frá Þjóðskrá. Í hinni uppfærðu kjörskrá kom fram töluverð fjölgun kjósenda í Skorradalshreppi, meðal annars vegna nýrra lögheimilisskráninga sem ekki hafa verið staðfestar eða einstaklingar skráðir óstaðfestir í hús.

Nefndin ræddi um stöðu þessara skráninga og þau álitaefni sem kunna að tengjast lögmæti þeirra. Samþykkt var að leita formlega til Innviðaráðuneytisins um ráðgjöf og álit á málinu. Ráðgjöfum KPMG var falið að undirbúa erindi til ráðuneytisins þar sem rakið yrði hvernig kjörskrá hefur verið uppfærð og hvaða áhrif breytingarnar kunna að hafa á framkvæmd kosninga.

2. Íbúafundir – kynning og skipulag

Samstarfsnefndin fór yfir fyrirhugaða dagskrá íbúafundar og það efni sem lagt verður fyrir fundarmenn. Þá var rætt sérstaklega um fyrirkomulag spurninga og fundarstjórnar, svo tryggt yrði að umræðan færi fram með skýrum og markvissum hætti. Samþykkt var að bæði nefndarmenn og ráðgjafar yrðu til svara vegna fyrirsprungna fundargesta.

3. Upplýsinga og gagnabeiðni Péturs Davíðssonar

Samstarfsnefndin ræddi gagnabeiðni sem borist hefur. Áréttað var að meta þurfi hvaða gögn liggja fyrir og hverju beri að afhenda. Ráðgjöfum KPMG var falið að vinna málið áfram í samvinnu við oddvita Skorradalshrepps og starfsmenn Borgarbyggðar.

4. Laun :

Samþykkt var að miðað yrði við hærri taxa sveitarfélaganna við launagreiðslur til kjörstjórnar og starfsmanna í kosningum. Oddviti Skorradalshrepps mun leggja fram uppfærðar kostnaðartölur vegna kjörstjórnar og var ráðgjöfum KPMG falið að taka saman heildarkostnað og vinna áætlun þar um.

Fundi slitið kl. 12:10.